



Minnisblað

Reykjavík 22.03.2020

Til: Heilbrigðisráðherra

Frá: Sóttvarnalækni

Varðar: Tillaga sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra um frekari útfærslu á starfsemi verslana í samkomubanni

Sóttvarnalæknir að höfðu samráði við landlækni, ríkislögreglustjóra og formann farsóttarnefndar Landspítala óskaði eftir því við heilbrigðisráðherra, þann 21.03.2020, að gefin yrðu út ný fyrirmæli um samkomubann á Íslandi. Ákvörðunin er byggð á 2. mg. 12. gr sóttvarnalaga.

Tillaga:

Ráðherra hefur ákveðið að virkja heimildir sóttvarnalaga til að setja á samkomubann. Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 20 manns koma saman. Við öll mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum. Þessi fyrirmæli til landsins alls.

Sérstök útfærsla á starfsemi verslana til að tryggja aðgang almennings á nauðsynjavörum

Eitt hundrað manns geta á sama tíma verið inn í verslunum upp að 1.000m² og síðan einn viðskiptavinur til viðbótar fyrir hverja 10m² umfram það, þó að hámarki tvö hundruð. Tryggt verði að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum. Verslanir skulu með áberandi hættu merkja við inngang hversu mörgum er heimilt að vera í versluninni á hverjum tíma. Við alla innganga skal tryggja viðskiptavinum aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um verslun og talin er þörf á skal hið sama vera í boði. Við afgreiðslukassa skal einnig vera sótthreinsandi vökvi. Öllum starfsmönnum verslana skal standa til boða andlitsgrímur við störf sín. Hvatt er til þess að aðeins einn aðili af hverju heimili komi í verslun á hverjum tíma.

Pórolfur Guðnason,
sóttvarnalæknir



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir